

Einnig hefur verið ákveðið að váttryggingarfjárhæð slysáttryggingar vegna starfsmanna og keppenda við keppni utan vega skuli vera 3 600 000 kr. við dauða eða algera varanlega örorku.

2. gr.

Ákvörðun þessi sem tekin er samkvæmt 3. mgr. 6. gr. reglna um aksturskeppni, nr. 286 27. júní 1990, gildir fyrir árið 1993.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 4. desember 1992.

F. h. r.
Ólafur W. Stefánsson.

Hjalti Zóphóníasson.

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu borgarráðs hefur verið ákveðið:

1. að afnema stöðubann við norðausturhlíð Eskihlíðar, á milli Engihlíðar og Mjóuhlíðar,
2. að hámarksökuhraði á húsagötu að baki Laugavegs 133-147 verði 15 km/klst.

Ákvörðun þessi tekur gildi 17. desember 1992.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 1. desember 1992.

Böðvar Bragason.

GJALDSKRÁ

fyrir Hitaveitu Flúða og nágrennis.

1. gr.

Hitaveita Flúða lætur hverju húsi, sem er í sambandi við vatnsæðar hennar í té vatnsmagn, er ætla má að nægi til hitunar á húsinu, enda séu hitaflétir hússins nægilega stórir að dómi hitaveitunnar.

Hitaveitan lætur setja stillanlegan hemil fyrir hámarksrennsli til hvers upphitunarkerfis og miðast gjald hitaveitunnar fyrir selda orku við það hámark, sem hemillinn er stilltur á.

Hitaveitan lætur húseigendum í té aukahemil, ef þess er óskað.

2. gr.

Einungis starfsmönnum hitaveitunnar er heimilt að breyta stillingu vatnshemils þess, er um getur í 1. gr. Hitaveitan breytir stillingu hemils eftir óskum húseigenda fyrsta árið, sem hús hans er tengt við hitunarkerfið, en síðan verður hemilstillingu að jafnaði einungis breytt einu sinni á ári og skal beiðni um breytingu komið á framfæri við hitaveituna fyrir 1. janúar ár hvert. Hámarksstilling hemils gildir allt árið, þótt orkunotkun verði minni hluta úr ári.